

9. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1989.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum á árinu 1988.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. 2. másl. 2. tölul. 3. mgr. orðist svo:

Sama á við um lán sem tekin eru erlendis vegna kaupa eða reksturs á kaupskipum og flugvélum sem notaðar eru í atvinnuskyni.

b. Orðin „eða lengingu á lánstíma“ í 3. tölul. 3. mgr. falli niður.

c. Við 3. mgr. bætist nýr tölul., 4. tölul., svohljóðandi:

Lán sem tekin eru vegna sérstakra aðgerða stjórnvalda í þágu útflutningsgreina. Sama á við um stofnlán til fyrirtækja sem hyggjast stunda endurvinnslu úrgangsefna til útflutnings eða sinna öðrum verkefnum á sviði umhverfisverndar.

2. gr.

Í stað orðanna „31. desember 1988“ í 4. mgr. 22. gr. laganna komi: 31. desember 1989.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.